

04.10

**Fréttir****DV**

Landsfundur Kvennalistans hefst á Laugarvatni í dag:

# Konur í tilvistarvanda á pólitískum vegamótum

– tekist á um stefnu og framtíð en sátt um kynbundnar forsendur

Kvennalistakonur koma saman til landsfundar á Laugarvatni um helgina. Fundarins er þeiotið með nokkurri eftirvæntingu því innan samtakanna hefur orðið vart við ágreining í ymsum grundvallarmálum. Ljóst er að eining mun ekki nást um afstöðu til EES-sammingsins og ekki er fyrirséð að eining náist um atvinnuþálfan, til dæmis á svíði sjávarúttegs- og landbúnaðarmála.

Þrátt fyrir ágreining í röðum kvennalistakvenna eru litlar líkur á að til uppgjörs eða klofnings komi á landsfundinum. Þó er til staðar óttí innan samtakanna um að þar muni í auknum mæli myndast stríðandi skoðanahópar. Eining er hins vegar um það að áfram sé þörf á pólitískri samstöðu kvenna með Kvennalistann að bakhjarli.

## Áratugur að baki í sátt og samlyndi

Áratugur en nú liðinn síðan Kvennalistinn fíkk þingmenn kjörna á Alþingi. Þrátt fyrir hrakspár hafa samtökin náð að festa sig í sessi til hliðar við gömlu fjórflokkana. Fylgið hefur verið rokkandi milli ára en í síðustu kosningum fengu samtökin 6 konur kjörnar á þing. Samkvæmt skoðanakönnum DV hefur listinn sótt nokkuð á frá síðustu kosningum og hefði fengið 9 konur kjörnar á þing í síðasta mánuði ef kosið hefði verið þá.

Fram til bessa hefur lítið borið á mælefnalegum ágreiningi innan Kvennalistans á opinberum vettvangi. Skiptir í því sambandi skópum að þingkonurnar hafa aldrei tekið á sig þá ábyrgð að stýra þjóðarskúturnni með þátttöku í ríkisstjórn. Sem stjórnanandstæðingar hafa konurnar getað sameinast í gagnrýni á aðra flokka án þess að þurfa að standa skil á feminískum og pólitískum forsendum sinum.

## Berstripaðar hugmyndir til vinstri

Á undanförnum misserum hefur þó mátt greina breyttar áherslur innan Kvennalistans. Hin feminista hugmyndafræði hefur vikið fyrir hefðbundinni pólitik. Eftir hafa staðið berstripaðar vinstrihugmyndir í að við hær sem viðteknar eru í Alþýðubandalaginu, Framsóknar-



Kvennalistinn hefur verið í sökn samkvæmt skoðanakönnum að undanförnu. Ef kosið hefði verið í síðasta mánuði hefðu þingkonurnar jafnvel orðið 9 en í síðustu kosningum urðu þær 5. Í þingflokknum eru þær Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Anna Olafsdóttir Björnsson, Kristín Ástgeirs dóttir og Ingrid Sólrun Gísladóttir. Landsfundur Kvennalistans hefst á Laugarvatni í dag.

floknum og jafnvel Alþýðuflokknum.

Pannig hefur til dæmis Kristín Einarsdóttir gerst öttul andstæðingur EES og ásamt stallssystrum sinum mælt gegn áversframkvæmdum og viðteknum hugmyndum um hagvöxt. Ábekkar hugmyndir eru á sveimi meðal umhverfisröttællinga í Alþýðubandalaginu. Þá hafa þær Ingrid Sólrun og Kristín Ástgeirs dóttir á hinnum böginn fetað sig nær miðjumni í íslenskum stjórnámum. Anna Olafsdóttir Björnsson og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir hafa hins vegar tileinkað sér ymsar byggðahugmyndir í að við framsóknar-

## Ágreiningur á ólgusjó

Þrátt fyrir að þingkonurnar hafi sumpart róið á misjöfn mið á hinum pólitísku ólgusjó varð ágreiningur

vísirinn að uppgjöri og jafnvel klofningi innan Kvennalistans. Óttast sumar að Ingrid Sólrun muni fulgja EES-málinu eftir og sundra samtökunum með breyttri afstöðu til ymissa grundvallarmála. Ákvæðið var að biða landsfundar og gera út um málin þar.

Samkvæmt heimildum DV eru allar likur á því að að landsfundinum muni Kvennalistinn ítreka andstöðu sína við EES. En að sama skapi mun Ingridjorgu Sólrunu og skoðanasystrum hennar verða gefið færri að hafa sínar eigin skoðanir. Í þessu sambandi má minnast orða Kristínar Einarsdóttur í DV fyrir skómmu þar sem hún sagði: „Við kúgum ekki konur í skoðunum.“

## Þéttbýli og dreifbýli takast á

Eins og í öðrum floknum takast fulltrúar þéttbýlis og dreifbýlis á

Kvennalistum. Trúlega mun sú togstreita taka sig upp á landsfundinum, ekki síst í umraðum um efna-hags- og atvinnumál. Af hálfu þéttbýlkvenna, þar á meðal Kristínar Ástgeirs dóttur, hafa til dæmis komið fram efasemdir um ríkjandi landbúnaðarskipulag. Hefur hún látið hafa eftir sér að númerandi fyrirkomulag sé andstætt neytendum. Um þetta mál hefur ekki náðst sátt innan Kvennalistans.

Svipaða sögu er að segja um sjávarútegsmálum. Í gildi er samþykkt frá fyrri landsfundum að Kvennalistinn sé fylgjandi byggðarkvóta. Þessi stefna hefur einkum verið studd af landsbyggðarkonum samtakanna en að undanförnu hafa ymsar konur úr þéttbýlinu komið fram með efasemdir. Hugmyndir á borð við kvóttaleigu hafa átt vaxandi fylgi að fagna. Þá hefur Kristín Ástgeirs dóttir látið í ljós þá skoðun að tímabært sé að fækka skipum í flotanum og fækka vinnslustöðvum.

## Þverstæðan ekkert mál

Af og til hafa ymsar kvennalistakonur vakið mál á því að sá tími kundi að vera runninn upp að samtökin verði að endurskoða sinn gang og jafnvel leggja sig niður. Í því sambandi hefur verið bent að tilgangurinn með framboði Kvennalistans til Alþingis hafi verið að vekja athygli á getu kvenna til þingstarfa. Nú sé hins vegar komið að því að aðstoða þurfi konur í hefðbundnu stjórnálflokkunum að komast til valda og áhrifa. Innan Kvennalistans hafi stórhópur kvenna öðlast þvíliku pólitísku reynslu að henni verði að miðla til annarra kvenna.

Til bessa hafa þessar gagnrýnum raddir verði bornar ofurliði. Nú virðist ríkja um það sátt að Kvennalistinn sé og eigi að vera pólitísk stofnun eins og gömlu fjórflokkarnir. Engar likur eru talðar á því að komandi landsfundur breyti þeiri sátt.

Á landsfundinum standa kvennalistakonur því frammi fyrir ákvænum tilvistarvanda, annars vegar að halda í hina þverpólitísku hugmyndafræði um sameiginlegan reynsluheim kvenna og hins vegar að starfa sem formlegur stjórnálflokkur. Þverstæða, segja sumir. Ekkert mál, segja konurnar.